

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR brennu Rangárþingi ytra á Vestari Miðkotsskák, Borgartúnsnesi, Þykkvabæ þann 31. desember 2020

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Leyfið tekur til áramótabrennu, Rangárþingi ytra á Vestari Miðkotsskák, Borgartúnsnesi, Þykkvabæ þann 31. desember 2020 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:	550/2018 5. gr.	
1.2	Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.	550/2018 56. gr.	

2. SKILYRÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluþyrvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.	325/2016	
2.2	Veitt er leyfi fyrir brennu sem er í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamála-stofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra. “Bál kestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. D ags. 7. desember 2000.”	325/2016	
2.3	Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.	325/2016	
2.4	Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá s kal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutímaáður en k	550/2016 52. gr. og 325/2016	

	veik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.		
2.5	Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.	325/2016	
2.6	Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.	325/2016 3., 18. og 23. gr. og rgl. nr. 550/2018 56. gr.	
2.7	Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra ¹ frá 7. desember 2000.	325/2016	
2.8	Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.	325/2016 18. og 23. gr. og rgl. nr. 737/2003 11. gr.	
2.9	Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert.	414/2017 , 6. gr.	
2.10	Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.	550/2018 og rgl. nr. 325/2016	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

¹ Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).

Selfossi, xx.xxx 20xx

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

XYZ,
heilbrigðisfulltrúi

Í daglýsingunni